

Fimmtudaginn 21. nóvember 1996.

Nr. 296/1995.

Ester Kristjánsdóttir

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

Vátryggingafélagi Íslands hf. og

Valdimar G. Kristjánssyni

(Hákon Árnason hrl.)

Bifreiðar. Skaðabætur. Líkamstjón. Örorka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. september 1995. Hún krefst þess, að stefndu verði í sameiningu gert að greiða sér 2.261.350 krónur með nánar tilgreindum ársvöxtum frá 29. ágúst 1990 til 21. nóvember 1992, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, allt að frádreginni innborgun 24. október 1995, að fjárhæð 986.984 krónur.

Stefndu krefjast aðallega sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður falli þá niður.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms greiddi stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. áfrýjanda 986.984 krónur, sem hann taldi vera fullnaðargreiðslu samkvæmt dóminum. Er aðalkrafa stefndu um sýknu á þessu reist svo og, að bætur handa áfrýjanda hafi verið hæfilega ákveðnar í héraðsdómi.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, þar á meðal útreikningar Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings 17. janúar og 23. október 1995 á örorkutjóni áfrýjanda.

I.

Stefán Bogason læknir hefur tvívegis metið örorku áfrýjanda vegna þess slyss, sem um ræðir í málinu. Í fyrra matinu, frá 1. júlí 1991, taldi læknirinn varanlegu örorkuna 10%, en í hinu síðara, frá 12. júní 1992, mat hann örorkuna 15%. Miðar áfrýjandi kröfur sínar í málinu við síðara matið.

Eins og nánar greinir í hinum áfrýjaða dómi, fékk stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. dómkvadda menn undir rekstri málsins til að leggja meðal annars mat á læknisfræðilega og fjárhagslega örorku áfrýjanda. Í matsgerð hinna dómkvöddu manna, Árna Páls-sonar hæstaréttarlögmanns og Stefáns Yngvasonar, sérfræðings í orku- og endurhæfingarlækningum, frá 4. október 1994 var komist að þeirri niðurstöðu, að læknisfræðileg örorka áfrýjanda væri hæfi-lega ákveðin 22%, en fjárhagsleg örorka hennar var hins vegar talin engin.

Í úrlausnum dómstóla um verðmæti tapaðra framtíðartekna vegna örorku hefur almennt verið litið til læknisfræðilegrar örorku og lagt til grundvallar, að hundraðshluti tekjutaps sé hinn sami og þannig ákveðið örorkustig. Ekki eru forsendur til að víkja frá þeirri aðferð í þessu máli. Verður því lagt til grundvallar við úrlausn máls-
ins fyrrnefnt örorkumat Stefáns Bogasonar læknis frá 12. júní 1992, en áfrýjandi hefur ekki byggt á niðurstöðu dómkvöddu matsmann-
anna um læknisfræðilega örorku.

II.

Áfrýjandi sundurliðar kröfu sína með sama hætti og fyrir héraðs-
dómi, eins og hér segir:

Bætur vegna varanlegrar örorku:	
Vinnutekjutap	kr. 1.328.800
Tekjutap vegna heimilisstarfa	– 513.400
Frádráttur, 25%, vegna skattfrelsis og hagræðis af eingreiðslu	– 460.550
	kr. 1.381.650
Bætur vegna tapaðra lífeyrisréttinda af vinnutekjum	– 79.700
Miskabætur	– 800.000
Samtals	kr. 2.261.350

Áfrýjandi styður framangreindar kröfur vegna varanlegrar ör-
orku og tapaðra lífeyrisréttinda við útreikning tryggingafræðingsins
Jóns Erlings Þorlákssonar frá 25. ágúst 1992. Fallist verður á, að
áfrýjanda sé þetta heimilt, þótt nú liggi fyrir nýrri útreikningar
tryggingafræðingsins á tjóni hennar.

Pegar tekið er tillit til skattfrelsis bóta vegna tekjutaps út af varanlegri örorku og hagræðis áfrýjanda af eingreiðslu, þykja bætur af þessum sökum hæfilega ákveðnar 1.000.000 króna. Í kröfu áfrýjanda um þær bætur er tekið mið af því, að hún gegni fullu starfi utan heimilis. Að því gættu og með hliðsjón af atvikum málsins að öðru leyti þykja ekki efni til að taka til greina sérstakan kröfulið vegna heimilisstarfa. Krafa áfrýjanda um bætur vegna tapaðra lífeyrisréttinda verður tekin að fullu til greina með 79.700 krónum. Þá þykja miskabætur henni til handa hæfilega ákveðnar 200.000 krónur.

Vegna slyssins, sem um ræðir í málinu, fékk áfrýjandi greiddar 23. febrúar 1995 úr ríkissjóði 666.160 krónur í slysabætur frá atvinnurekanda samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra símamanna. Með vísan til meginreglu 2. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga, sem var í gildi, þegar áfrýjandi varð fyrir slysinu, kemur þessi greiðsla ekki til frádráttar bótum til hennar úr hendi stefndu.

Samkvæmt framangreindu verða stefndu dæmdir í sameiningu til að greiða áfrýjanda 1.279.700 krónur með vöxtum, eins og greinir í dómsorði, en frá dregst innborgun frá stefnda Váttryggingafélagi Íslands hf., 986.984 krónur. Skal draga hana frá uppreiknaðri kröfu áfrýjanda, eins og hún stóð á innborgunardegi 24. október 1995. Þá greiði stefndu jafnframt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Váttryggingafélag Íslands hf. og Valdimar G. Kristjánsson, greiði í sameiningu áfrýjanda, Ester Kristjánsdóttur, 1.279.700 krónur með ársvöxtum af þeirri fjárhæð sem hér segir: 3% frá 29. ágúst 1990 til 1. október sama ár, 2,3% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 2,6% frá þeim degi til 1. janúar 1991, 2,8% frá þeim degi til 1. febrúar sama ár, 4% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 4,7% frá þeim degi til 1. júlí sama ár, 5,8% frá þeim degi til 1. september sama ár, 6,3% frá þeim degi til 1. október sama ár, 5,6% frá þeim degi til 11. sama

mánaðar, 3,9% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 3,8% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 3,7% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 3,4% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 2,8% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 2,6% frá þeim degi til 1. febrúar 1992, 2,1% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1,8% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,6% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 1,5% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,1% frá þeim degi til 1. maí sama ár, 1% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, en 0,9% frá þeim degi til 21. nóvember sama ár. Frá 21. nóvember 1992 greiði stefndu dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags. Frá öllu framangreindu dragist greiðsla stefndu, 986.984 krónur, inn á kröfu áfrýjanda, eins og hún stóð á greiðsludegi innborgunar 24. október 1995.

Stefndu greiði sameiginlega áfrýjanda samtals 400.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 7. júní 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. apríl sl., hefur Ester Kristjánsdóttir, kt. 040231-7499, Austurhlíð, Eyjafjarðarsveit, höfðað með stefnu, birtri 24. júní 1993, á hendur Vátryggingafélagi Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík, og Valdimar Gunnari Kristjánssyni, kt. 040572-4659, Grýtubakka II, Grýtubakkahreppi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til greiðslu skaðabóta in solidum, að fjárhæð 2.261.350 kr., með 6% ársvöxtum frá 29. ágúst 1990 til 1. ágúst 1991, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags og að vextir verði þannig reiknaðir, að áföllnum vöxtum verði bætt við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 29. ágúst 1991. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndu krefjast aðallega sýknu gegn greiðslu á 315.000 krónum með einföldum ársvöxtum á almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands frá 21. nóvember 1992 til greiðsludags auk innheimtulauna samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, en til vara verulegrar lækkunar stefnukrafna. Þá krefjast stefndu í báðum tilvikum málskostnaðar.

I.

Stefnandi krefur í máli þessu um bætur vegna áverka, er hún hlaut við árekstur bifreiðanna Í-1110 og A-10138 á Leiruvegi sunnan Akureyrar að

kveldi 29. ágúst 1990. Var hún þar farþegi í bifreiðinni A-10138. Reisir hún kröfu sína á því, að eigandi bifreiðarinnar Í-1110 hafi valdið því, að árekstur varð með bifreiðunum, og beri þess vegna ábyrgð á tjóni sínu samkvæmt 90. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 89. gr. sömu laga, en stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. var ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar.

Stefndu andmæla ekki bótaskyldu, en ágreiningur er um fjárhæð bóta, vexti og fleiri atriði.

II.

Áverkum þeim, sem stefnandi hlaut í umrætt sinn, er rækilega lýst í skjölum málsins, þ. á m. í læknisvottorðum Júlíusar Gestssonar, yfirlæknis og sérfræðings á bæklunardeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Vottorð hans, dags. 20. desember 1991, er svofellt:

„Við komu á slysadeild var Ester með fulla meðvitund. Hún hafði grunn sár fremst í hársverði vinstra megin. Hún hafði ummerki um brot verulega úr lagi gengið rétt ofan við hægri úlnlið, auk þess hrúfl og mar framanvert á vinstra hné. Skömmu eftir komu var brotið fært í betri stöðu og lagðar bráðabirgðastuðningsumbúðir. Eftir röntgenrannsókn var síðan lögð deyfing í holhönd, brotið togað í skorður og stutt gifsspelku.

Hún var inn lögð á bæklunardeild FSA 29. 8. 1990–30. 8. 1990. Við eftirlit 10. 9. 1990 hafði brotið hins vegar gengið verulega úr skorðum. Var hún þá inn lögð á nýjan leik 11. 9. 1990, og sama dag var brotið fært í góðar skorður í svæfingu og gegnumlýsingu og stutt með stuðningsáhaldi, sem gert er af skrufum, festum í handarbaksbein fyrir vísifingur og í annað framhandleggsbeinið, svokallaða sveif. Þetta áhald var haft á handleggnum fram til 24. 10. 1990 og þar eftir gifsumbúðir fram til 31. 10. 1990. Óþægindin frá úlnliðnum sjálfum hafa smátt og smátt farið minnkandi, en hún hafði stöðug dofaóþægindi fram í fingur, einkum 3. og 4. fingur handarinnar, og vegna þessa gerð skurðaðgerð án innlagnar á sjúkrahúsið 3. 12. 1990. Í þeirri aðgerð var gerður skurður eftir lófa upp á úlnliðssvæði lófa megin og losað um taug þá, sem flytur boð um tilfinningu til áðurnefndra fingra. Eftir þá aðgerð hafði hún gifsspelku og mjúkar umbúðir fram til 12. 12. 1990, en þá voru saumar og umbúðir fjarlægðar. Dofaeinkenni voru þá minni. Talið var óhætt miðað við þann afturbata, sem hún virtist vera í, að hún hugaði að vinnu um það bil þremur vikum síðar, það er að segja viku af janúarmánuði 1991, og gert er ráð fyrir endurkomu til eftirlits 14. 1. 1991.

Eins og fram kemur, hefur Ester verið óvinnufær frá áverkadegi, en búist er við, að hún geti hafið vinnu fyrri hluta janúarmánaðar 1991. Nokkrar líkur eru á, að varanleg mein verði í formi óþæginda frá úlnliðnum og/eða

vinstra hné, þar sem hún fékk greinilega höggáverka. Hvort slík óþægindi verða eða að hvaða marki, er vart tímabært að segja til um fyrr en að ári liðnu.“

Enn fremur liggur fyrir svofellt vottorð nefnds sérfræðings, sem dagsett er 15. maí 1991:

„Við lokaeftirlit 30. 4. 1991 lýsir hún, að eftir aðgerðina 3. 12. 1990, þar sem losað var um taug við úlnlið, hafi dofinn frammi í fingrum horfið, en hins vegar hafi hún áfram talsverð álagsbundin óþægindi frá úlnliðnum sjálfum og hendinni. Hún lýsir því þannig, að þroti sæki á úlnliðinn við vinnu hennar við símastörf og oft vanti hana kraft við átök. Hún lýsir því, að hún eigi í erfiðleikum með að skrúfa tappa úr gosflösku, til dæmis með hægri hendi. Hreyfiferill í úlnliðnum var skertur, þannig vantaði 20° á, að hún gæti sveigt handarbakið jafnmikið upp á við í úlnliðnum hægra megin og hún gat í þeim vinstra. Við að snúa lófanum upp vantaði um 20° á sama hreyfímöguleika í þessum ferli á hægri hendi og þeirri vinstri. Aðrar hreyfingar voru sambærilegar. Svolítill bólguproti var yfir úlnlið, og mesta ummál framhandleggsvöðva neðan olnboga var um 1/2 cm minna hægra megin en vinstra megin, þrátt fyrir það að hún sé réttthent. Grófur kraftur í hendinni var mældur þannig, að hún kreisti upp pumpaða, samanplástraða blóðþrýstingsmanchettu, þar sem þrýstingi var dælt upp í 10 mm kvikasilfurs, endurtekið til skiptis með hægri og vinstri hendi. Fékkst hægra megin 50,55 og 45 mm Hg á móti 60,70 og 50 mm Hg vinstra megin. Röntgenrannsókn sama dag sýndi, að brot voru gróin, en nokkur aflögun var á framhandleggsbeinum rétt ofan úlnliðar. Ekki var gert ráð fyrir frekari lækni meðferð að óbreyttu. Ekki er talin ástæða til að ætla, að marktækar breytingar verði á ástandinu næstu mánuði eða ár. Hætta er þó á, að slitbreytingar verði með tíð og tíma í úlnliðnum. Slíkar breytingar gætu leitt til frekari meðferðar og/eða skurðaðgerða. Ekki eru líkur á, að slík þróun verði á allra næstu árum.“

Á grundvelli ofanefndra læknisvottorða leitað stefnandi til Stefáns Bogasonar lækni um gerð örorkumats. Örorkumatið er dagsett 1. júlí 1991, og segir þar meðal annars:

„Við skoðun nú er úlnliður lítilllega skakkur og allar hreyfingar í úlnlið skertar og sárar, einkum dorsalflexio og hreyfingar til beggja hliða. Einnig er supinatio skert. Þá er gripkraftur í hægri hendi skertur. Dofinn blettur er neðan við vinstri hnéskel og eymsli þar í kring, ekki sárt að stíga í fótinn, en erfitt að krjúpa.“

Þar sem nú er liðið nálega ár frá slysinu, er varla að búast við frekari bata en orðið er. Hitt er frekar, að hægri úlnliður kunni að versna, þegar frá liður, og ótímabær slitgikt kynni að leita á hann.

Tímabundin og varanleg örorka af völdum þessa slyss þykir hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi í fjóra mánuði	100%
Eftir það í einn mánuð	50%
Varanleg örorka	10%.“

Stefnandi leitaði enn til Júlíusar Gestssonar yfirlæknis 30. september 1991, og segir um þá heimsókn svofellt í vottorði sérfræðingsins, sem dagsett er 17. maí 1992:

„Ester leitaði til undirritaðs aftur 30. 9. 1991 vegna vaxandi óþæginda frá úlnliðnum bæði með verkjum, en þó einkum sársauka. Gerð var meðferðartilraun með að sprauta bólguminnkandi efni (cortison) í liðinn og giktarlyfjameðferð, einnig gerðar ráðstafanir til útvegunar á stuðningsspelku til að nota við vinnu. Óþægindin minnkuðu aftur nokkuð við þetta, en við eftirlit 6. 4. 1992 lýsir hún áfram verulegum óþægindum frá úlnliðnum. Hún kveðst þurfa að láta sum heimilisverk vera og finni oft til sársauka við að beita hendinni við að skera, vinda tuskur, taka upp hluti, og einnig lýsir hún því, að sér hætti til að missa hluti. Í vinnu sinni sem talsmavörður kveðst hún nota spelkuna stund og stund, en þreytist síðan á henni, og oft sækir í veruleg óþægindi frá úlnliðssvæðinu síðari hluta vinnutíma, sem er vaktavinna, stundum að kvöldinu til. Á vinnustað hennar er ekki gefinn möguleiki á hálfisdagsvinnu, og hefur hún því þínt sig áfram í heilsdagsvinnu til að halda vinnunni.

Hún hafði eymsli yfir úlnliðnum, og við hreyfingar marraði í liðnum milli framhandleggsbeinanna og smábeinanna í úlnliðnum. Röntgenrannsókn á úlnliðnum sýndi slit á liðnum milli sveifarinnar, sem er það beinið, sem er breiðara fram við úlnlið, og smábeinanna í úlnliðnum, auk þess litbreytingar og verulega aflögun í liðnum milli framhandleggsbeinanna sjálfra, það er að segja sveifar og alnar. Við athugun á hreyfiferli, þar sem hún hélt olnboga upp að síðu, gat hún snúið handarbökum upp, þar til komið var í um 80° horn við lóðlínu hægra megin, vinstra megin 90°, við að snúa lófa upp hægra megin 70°, vinstra megin 90°. Við að sveigja hönd upp á við um úlnlið var hreyfigeta 30° hægra megin, 70° vinstra megin. Við að sveigja niður á við, það er að segja í lófaáttina, var hægra megin 40°, vinstra megin 90°. Mesta ummál framhandleggsstöðva var hið sama báðum megin, 27 cm.

Við athugun á gripkrafti í þremur atrennum:

Hægri: 20, 20, 30.

Vinstri: 45, 60, 70.

Ljóst er, að Ester hefur aflögun, slit, minnkaða hreyfingu, sársauka og minnkaðan kraft og minna úthald við beitingu hægri handar af völdum áverkans. Ekki er búist við marktækum breytingum á ástandi handarinnar á næstunni, þó gæti slík þróun orðið smátt og smátt og leitt til frekari aðgerða, jafnvel staurliðsaðgerðar um úlnlið.“

Stefán Bogason læknir endurmat örorku stefnanda 12. júní 1992. Í mati hans segir meðal annars:

„Við skoðun er bólga um hægri úlnlið og eymsli. Allar hreyfingar í hægri úlnlið eru mjög sterkar og sárar, og brakar í liðnum við vissar hreyfingar. Er enn með eymsli og dofa í kringum vinstri hnéskel. Á bágt með að krjúpa, en þrýstingur á hnéskelina er ekki mjög sár. Hnéð er a. m. k. ekki verra en það var.

Álit.

Um er að ræða sextíu og tveggja ára konu. ... Slasaða hefur verið í eftirliti hjá bæklunarlæknum FSA og fengið sprautur í liðinn með litlum árangri. Talað hefur verið um staurliðsaðgerð á úlnliðnum, sem henni líst ekki á.

Hún hefur verið í fullu starfi hjá símstöðinni á Akureyri meira af vilja en mætti og alltaf þurft að nota verkjalyf. Bólgur um úlnliðinn við öll verk og á erfitt með öll heimilisstörf. Getur t. d. ekkert reynt á hægri hönd, en hún er réttthent. Það er sem sé bæði verkur og máttleysi í hendinni. Þá eru verkir um úlnliðinn, sem leiðir upp að olnboga og líka fram í hönd. Hún þolir engin átök, t. d. að skera brauð.

Við skoðun nú er bólga um hægri úlnlið og eymsli við allar hreyfingar. Í hægri úlnlið eru hreyfingar mjög skertar og sárar, og brakar í liðnum við vissar hreyfingar. Hún er enn með eymsli og dofa í kringum vinstri hnéskel, á bágt með að krjúpa, en þrýstingur á hnéskelina er ekki mjög sár.

Ljóst er, að ástand slösuðu hefur farið versnandi, frá því að fyrra örorkumat var gert. Með hliðsjón af nýjum gögnum, sem fyrir liggja, þykir rétt að taka upp fyrra örorkumat til endurskoðunar og hækkunar, þannig, að þar sem varanleg örorka var áður metin 10 prósent (10%), verði varanleg örorka nú metin fimmtán prósent (15%).“

Kröfugerð stefnanda er reist á framannefndri sjúkrasögu, örorkumati svo og á örorkuútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings, dagsettum 25. ágúst 1992. Í skýrslu tryggingastærðfræðingsins til lögmanns stefnanda segir:

„Samkvæmt ljósritum af skattframtölum Esterar voru vinnutekjur hennar árin 1987–1989 eins og að neðan greinir, og eru jafnframt sýndar tekjurnar, eftir að þær hafa verið umreiknaðar vegna kaupbreytinga:

	Tekjur	Umreiknaðar tekjur
Árið 1987	kr. 776.176	1.234.100
„ 1988	– 807.553	1.081.900
„ 1989	– 1.011.958	1.186.400
		Meðaltal 1.167.500

Tekjurnar eru frá fjármálaráðuneyti og launaskrifstofu ríkisins.

Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við, að tap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundradshluti tekna og örorka er metin, eins og tíðkast hefur, fæst eftirfarandi áætlun:

	Áætlaðar tekjur	Tekjutap
Árið 1990, frá slysdegi	kr. 376.500	373.300
Árið 1991	– 1.149.300	202.600
Síðan árlega	– 1.167.500	175.100

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 414.300
Vegna varanlegrar örorku	– 1.328.800
Samtals	kr. 1.743.100

Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins áætla ég 6% af höfuðstólsverðmæti taps af varanlegri örorku, kr. 79.700.

Þú óskar, hr. lögm., að einnig sé reiknaður húsmóðurþáttur. Á heimili Esterar munu ekki hafa verið börn. Þegar svo stendur á, áætla ég tekjur vegna heimilisstarfa, ef þau eru stunduð eingöngu, sem 75% launa eftir þrjú ár samkvæmt fastlaunasamningi Iðju, félags verksmiðjufólks, fyrir starfsfólk í matvælaíðnaði. Það eru nú 37.592 kr. á mánuði eða 451.100 kr. á ári. Á þeirri forsendu verður höfuðstólsverðmæti tekjutaps vegna heimilisstarfa á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 160.100
Vegna varanlegrar örorku	– 513.400
Samtals	kr. 673.500

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi, 25/8 1992, notaði vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka

Íslands (3% frá slysdegi, 2,5% frá 1/10 '90, 3,5% frá 1/1 '91, 5% frá 21/1 '91, 6% frá 1/6 '91, 7% frá 1/8 '91, 4% frá 11/10 '91, 3,75% frá 1/11 '91, 3,5% frá 21/11 '91, 3% frá 1/12 '91, 2,5% frá 1/2 '92, 1,25% frá 21/3 '92 og 1% frá 1/5 1992). Einfaldir sparisjóðsvextir frá slysdegi til útreikningsdags eru 7,05%. Eftir útreikningsdag eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu áranna 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til skatta.“

Krafa stefnanda er sundurliðuð svofellt í stefnu:

1. Bætur vegna varanlegrar örorku	
(1.328.800,- + 513.400,-)	kr. 1.842.200
2. Bætur vegna tapaðra lífeyrisréttinda	– 79.700
3. Miskabætur	– 800.000
Samtals	kr. 2.721.900

Frá dragast 25% bóta fyrir varanlega örorku vegna skattfrelsis og hagræðis við eingreiðslu

	kr. 460.550
Samtals	kr. 2.261.350

Samkvæmt gögnum málsins krafði stefnandi stefnda, Vátryggingafélag Íslands hf., bóta á grundvelli ofangreinds tjónsútreiknings með bréfi, dagsettu 21. október 1992. Í kröfubréfinu kemur fram, að stefnandi fékk greidd laun frá vinnuveitanda frá september 1990 og út janúar 1991, samtals 322.405 kr. Í ódagsettu svarbréfi stefnda, Vátryggingafélags Íslands hf., eru stefnanda boðnar fullnaðarbætur, að fjárhæð 315.000 kr., auk útlagðs kostnaðar lögmanns, en að öðrum kosti er í bréfinu lagt til, að uppgjöri yrði frestað, þar til a. m. k. þrjú ár væru liðin frá slysi og tekjutjón komið fram. Fyrir liggur, að stefnandi hafnaði boðinu.

Hinn 17. maí lagði lögmaður stefndu fram matsbeiðni hér í dóminum, þar sem hann óskaði eftir, að dómkvaddir yrðu sérfróðir, óvilhallir menn til að skoða og meta heilsufarslegt ástand stefnanda og láta í té skriflegt og rökstutt álit um eftirfarandi:

- „1) Hver sé varanleg læknisfræðileg örorka Esterar Kristjánsdóttur af völdum slyssins, metið í hundraðshlutum.
- 2) Hvort Ester Kristjánsdóttir hafi af völdum umferðarslyssins 29. ágúst 1990 orðið fyrir skerðingu til frambúðar á getu til öflunar vinnutekna, er leiði til fjártjóns, þegar litið er til menntunar hennar, starfs, kunn-

áttu og þeirra kosta, er hún á til að afla sér tekna með vinnu, sem sanngjarnt er að ætlast til, að hún starfi við, eða hver sé fjárhagsleg örorka Esterar Kristjánsdóttur, metin í hundraðshlutum.

- 3) Að því leyti, sem önnur slys eða sjúkdómar óháð slysinu kunna að eiga þátt í örorku Esterar, óskast þess sérstaklega getið og í hvaða mæli, metið í hundraðshlutum.“

Í sama þinghaldi voru þeir Stefán Yngvason yfirlæknir og Árni Pálsson hæstaréttarlögmaður dómkvaddir til að vinna hið umbeðna mat. Matsgerð þeirra er dagsett 4. október 1994, lögð fram hér í dóminum 15. desember sama ár.

Í matsgerðinni segir:

„Til upplýsinga og afnota fyrir matsmenn fylgdu dómskjöl úr héraðs-dómsmálinu frá nr. 1–15. Matsmenn móttóku dómkvaðningu og gögn matsmálsins 9. júní.

Málsmeðferð.

Matsmenn áttu fund með matsþola 20. júlí 1994. Lögmaður stefnanda, Benedikt Ólafsson hdl., var ekki viðstaddur þrátt fyrir boðun. Fyrir hönd matsbeiðanda, Hákonar Árnasonar hrl., kom Ólafur Birgir Árnason hrl. Aðilum var gefinn kostur að kynna sjónarmið sín. Matsþoli gaf matsmönnum munnlegt samþykki sitt til að afla viðbótarupplýsinga frá heilsugæslustöð og sjúkrahúsi eftir þörfum. Að þessu loknu fóru matsmenn yfir félagsstöðu matsþola, náms- og starfsferil, fyrra heilsufar, málsatvik slyssins og heilsufar þar á eftir. Matsþoli var síðan skoðaður af Stefáni Yngvasyni í návist Árna Pálssonar. Óskað var eftir skattskýrslu fyrir árin 1991, 1992 og 1993.

Málsatvik.

Matsmenn telja staðreyndir málsins, sem máli skipta, vera þær, sem hér segir:

Félagsstaða:

Matsþoli er giftur og á uppkomin börn, fluttist í núverandi húsnæði í nóvember 1990.

Náms- og starfsferill:

Matsþoli lauk unglingaprófi og stundaði síðan nám við Verslunarskóla Íslands í tvo vetur, en eftir það einn vetur í húsmæðraskóla. Hún réðst til starfa hjá Pósti og síma í Stykkishólmi 1951, fluttist til Akureyrar 1952 og hefur starfað sem talsímavörður alla tíð. Hún hefur verið fastráðin í um það bil 26 síðastliðin ár.

Fyrri heilsufar:

Matsþoli kveðst vera heilsuhraust, ef frá er talinn hár blóðþrýstingur. Einhver óþægindi munu vera frá hálsi og herðum tengd starfinu. Vinstri vísifingur hefur skerta starfshæfni vegna áverka fyrir mörgum áratugum.

Áverkasaga:

Samkvæmt fylgiskjölum varð árekstur 29. ágúst 1990, þar sem matsþoli var farþegi í framsæti bifreiðarinnar A-10138. Hún var flutt á slysadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Við komu á slysadeild var hún með fulla meðvitund og telur sjálf, að svo hafi verið allan tímann. Hún kveðst hafa fengið högg á höfuð, hægri framhandlegg og vinstra hné. Samkvæmt vottorðum lækna slysadeildar hafði hún grunn sár fremst í hársverði vinstra megin á höfði. Hún hafði og ummerki um brot, verulega úr lagi gengið, rétt ofan við hægri úlnlið og auk þess hrúfl og mar framanvert á vinstra hné. Brotið var meðhöndlað með spelku. Brotið greri með aflögun, og hefur röntgenrannsókn á úlnliðnum sýnt slit í liðnum á milli sveifarinnar og smá-beinanna í úlnliðnum, auk þess sem slitbreytingar og veruleg aflögun er í liðnum á milli framhandleggsbeinanna sjálfra, það er að segja sveifar og alnar. Gera þurfti aðgerð 3. desember 1990, þar sem losað var um taug við úlnlið vegna dofa fram í fingur. Matsþoli kveðst hafa hafið störf að nýju í janúar 1991.

Lýsing núverandi starfs:

Hún vinnur fullt starf. Um vaktavinnu er að ræða sjö tíma í senn. Starfið felst í að sitja við talsímaborð og taka á móti fyrirspurnum um símanúmer. Vinnan er við tölvuskjá, og þarf að nota lyklaborð. Þarf að skrifa mismikið. Starfsmenn skiptast á störfum á reglubundinn hátt.

Önnur málsatvik:

Matsþoli hefur beint fjárkröfum að matsbeiðanda á grundvelli 90. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, samanber 89. gr. laga um fébótaskyldu. Enn fremur er vísað til 14. og 19. gr. sömu laga.

Hinn 1. júlí 1991 mat Stefán Bogason, læknir Tryggingastofnunar ríkisins varanlega örorku 10%. Hinn 12. júní 1992 endurmat sami læknir varanlega örorku í 15% vegna versnunareinkenna.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur hefur reiknað út örorkutjón matsþola í samræmi við dómvænu íslenskra dómstóla, dagsett 26. ágúst 1991 og 25. ágúst 1992. Er örorka og ætlað tekjutap stefnanda álitaefni.

Læknisfræðilegar afleiðingar slyssins.

Eins og fram kemur í vottorðum lækna slysadeildar, hafði matsþoli merki um áverka á höfði, hægri úlnlið og vinstra hné. Hvað varðar höfuð-

áverkann, eru sár þau, er hún hlaut, löngu gróin og án meina. Matsþoli kvartar hins vegar um minnisleysi, sem hún tengir höfuðhöggi, sem hún varð fyrir við áverkatilfellið, segist lengi hafa verið slæm af þessu og sé heldur verri nú. Þetta lýsi sér í því, að skammtímaminni sé minna, og sé þetta mjög bagalegt í starfi sínu, þar sem hún þurfi nánast alltaf að fletta upp númerum, en hér áður fyrr hafi hún munað mikið af símanúmerum og þannig getað svarað viðskiptavinum mun fyrr en nú. Hún kveðst hafa óþægindi frá vinstra hné, sem felist í því, að dofatilfinning sé framan til og innan til á hnénu, en neitar bólgu. Hún segir hins vegar, að hnéð geri sér erfitt fyrir af þessum sökum og ekki síst vegna þess, að hún missi stundum kraftinn í fætinum og eigi það til að detta vegna þessa.

Aðalvandamál hennar hafa þó tengst hægri úlnlið. Hún kvartar undan þreytuverk, sem liggi alnar megin í framhandleggnum frá olnboga og niður í litla finger. Verkurinn sé slíkur, að hún sé oft frá af honum, og hafi hún eitthvað misst úr vinnu af þeim sökum. Hún hafi hins vegar reynt að stunda vinnu sína eins og henni sé framast unnt og kveðst hafa neytt umtalsverðra skammta af verkjalyfjum af þeim sökum. Hún notar nú Artóníltöflur, sem eru bólgueyðandi lyf, og síðan magnyl og Panódiltöflur eftir þörfum. Matsþoli var beðin að meta verk sinn á svokölluðum verkjamæli (Visual analog scale), þar sem verkir eru metnir á kvarða 0 til 10. Við besta líðan er verkjaupplifun 3/10 og við verstu verkjaupplifun 8/10. Þreytuverkur sá, sem hún hefur mestan hluta dags, er að jafnaði 6/10. Matsþoli telur óþægindin frá úlnliðnum valda sér verulegum erfiðleikum við vinnu sína, þar sem hún þurfi að reiða sig á hendur sínar við innáslátt á lyklaborð og skriftir. Kveðst vera rétthent. Hún metur ástand sitt með tilliti til hins almenna vinnumarkaðar þannig, að ef hún missti starf sitt hjá Pósti og síma, myndi hún ekki geta fengið starf neins staðar af heilsufarsástæðum. Matsþoli kveður ástand sitt hafa áhrif á ýmislegt annað í daglegu lífi, sérstaklega í heimilisstörfum. Hún á erfitt með öll þrif og hefur notið aðstoðar dætra sinna við öll þyngri þrif, svo sem ryksugun, gluggaþvott og þess háttar. Hún á í erfiðleikum með að þurrka af með tusku, skera brauð og svo framvegis. Þegar þau hjónin fluttust í Austurhlíð, hafði hún hugsað sér að stunda garðyrkju, en ástand hennar hefur ekki leyft neitt slíkt. Þá kveðst hún eiga mjög erfitt með hannyrðir. Hún kveðst hafa orðið fyrir litlum beinum útgjöldum vegna slyssins, þar sem þau hjónin hafi ekki keypt sér neina heimilishjálp. Slíkt hefði þó verið nauðsynlegt, ef aðstoðar fjölskyldu hefði ekki notið. Það kæmi einnig fram í því, að í slysinu slösuðust þau hjón bæði. Hús þeirra var þá í smíðum, og þurftu þau að kaupa vinnu til að ljúka því í mun meira mæli en annars hefði orðið.

Sjúkrasaga og skoðun:

Lýsing matsþola: Matsþoli lýsir tildrögum að afleiðingum áverkans á sama hátt og áður hefur komið fram í III. kafla.

Skoðun 20. júlí 1994: Skoðun var framkvæmd af Stefáni Yngvasyni að Árna Pálssyni hrl. viðstöddum.

Almennt ástand matsþola er gott, og hún gefur greinargóð svör. Eðlilegur líkamsburður, fer sér hægt, en er ekki hölt.

Hné: Við skoðun á vinstra hné kemur fram nokkur vökvasöfnun í liðnum. Full flexio í liðnum er 140° miðað við 150° í því hægra. Dofatilfinning er framan til og miðlægt yfir liðnum.

Hægri úlnliður: Nokkur aflögun er sjáanleg og vægur þroti fyrir hægri úlnlið. Greinileg kraftminnkun er í handgripi og eins, þegar prófaður er kraftur fingra, sérstaklega við nálgun þumals og litlafingurs, en einnig í gripi þumals og vísifingurs. Hreyfigeta í úlnlið er sem hér segir (vinstri úlnliður til samanburðar):

	Hægri úlnliður	Vinstri úlnliður
Flexio	40°	85°
Extensio	40°	75°
Abductio	5°	20°
Abductio	30°	20°

Supinatio: Vantar 15° miðað við vinstri hlið.

Pronatio: Jöfn báðum megin.

Mesta ummál á framhandlegg var jafnt beggja vegna. Dofatilfinning var alnar megin á úlnlið í litlafingur.

Tekju- og örorkutjónsútreikningar.

Tekju- og örorkutjónsútreikningar hafa í tvígang verið gerðir af Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingastærðfræðingi miðað við áður gildandi mat. Matsmenn mæla með því, að við endurmat tekju- og örorkutjónsútreikninga samkvæmt niðurstöðu matsgerðar þessarar verði áfram stuðst við þekkingu sérfræðings á því sviði.

Sjónarmið málsaðila.

Sjónarmið málsaðila koma fram í málsgögnum þeim, er fylgdu dómkvaðningu. Á fundi með fulltrúum aðila og matsþola komu engin frekari sjónarmið fram.

Hugleiðingar matsmanna.

Ekki hafa verið til í íslenskum lögum almennar reglur, sem segi til um, hvernig meta beri örorku í skaðabótamálum eða eftir hvaða sjónarmiðum skuli fara við mat á örorku. Skaðabótalög, sem tóku gildi 1. júlí 1993, gilda ekki í þessu máli, þar sem slysið varð fyrir þann tíma.

Að áliti matsmanna getur svokallað hreint læknisfræðilegt örorkumat, þar sem sams konar áverkar eru metnir til sama hundraðshluta án tillits til starfs eða menntunar tjónþola, ekki verið einhlítur mælikvarði á líklega skerðingu á tekjuöflunarhæfni þeirra, sem fyrir slysi verða, þótt slíkt mat geti gefið ákvæðna vísbendingu. Þannig telja matsmenn, að ekki sé sjálfgefið, að tap vegna slyss sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og læknisfræðileg örorka er metin til. Hugsanlegt er, að afleiðingar slyss geti ýmist haft meiri eða minni áhrif á tekjuöflunarhæfni slasaðra manna en hin læknisfræðilega örorka leiðir í ljós.

Í þessu sambandi telja matsmenn, að hafa beri í huga, að læknisfræðileg örorka er aðeins einn margra þátta, sem áhrif hafa á ákvörðun bóta til slasaðra manna. Aðrir þættir, sem áhrif hafa, eru til dæmis aldur hins slasaða, atvinna hans, menntun, heilsa, tekjur fyrir slys, tekjur eftir slys, áætluð starfslok, vaxtastig það, sem notað er til ávöxtunar framtíðartekna, og skattaleg meðferð slysabóta og vaxta af slysabótum.

Matsmenn benda á, að ýmsar tegundir meiðsla er ekki að finna í örorkutöflum þeim, sem stuðst er við í læknisfræðilegu örorkumati, og sum meiðsl eru þess eðlis, að erfitt er að heimfæra þau undir ákveðinn hundraðshluta samkvæmt örorkutöflum. Þá taka matsmenn fram, að þegar ákveða skal skaðabætur fyrir tekjutap síðar meir, er ógerlegt að segja fyrir um það með neinni vissu, hver verða raunveruleg áhrif líkamsspjalla á tekjuöflunarhæfni slasaðra manna. Slíkar bætur hljóta því ávallt að byggjast á mati.

Í matsbeiðni Hákonar Árnasonar hrl. er þess óskað, að látið verði í té skriflegt og rökstutt álít á liðum 1–3 í matsbeiðni, sem einnig koma fram í kafla I í þessari matsgerð. Samkvæmt því telja matsmenn, að hlutverk sitt sé að endurmeta læknisfræðilega örorku matsþola og að meta, hvort um tímabundna eða varanlega fjárhagslega örorku af völdum slyssins hafi verið að ræða, og freista þess að meta hana í hundraðshlutum.

Fjárhagslegar afleiðingar slyssins.

Í IV. kafla er gerð grein fyrir læknisfræðilegum afleiðingum slyssins á matsþola. Þar kemur fram, að matsmenn telja tímabært að meta varanlega læknisfræðilega örorku matsþola.

Í III. kafla er rakinn starfsferill matsþola. Þar kemur fram, að matsþoli

hefur um áratugaskeið unnið sem talsímavörður og vinnur enn það starf. Er starf matsþola í því fólgið að veita upplýsingar um símanúmer, sem skráð eru í tölvu.

Tekjur matsþola samkvæmt skattframtölum árin 1991 og 1992 voru 1.234.246 kr. og 1.262.692 kr. Af gögnum verður því ráðið, að matsþoli hafi ekki orðið fyrir tekjutapi vegna slyssins, og hefur lögmaður matsþola staðfest það.

Matsmenn telja, að matsþoli geti áfram starfað við núverandi starf. Telst því ósennilegt, að matsþoli verði fyrir tekjumissi vegna slyssins miðað við óbreyttar forsendur. Miklar líkur eru hins vegar á tekjutapi, ef matsþoli missti núverandi starf. Líkur á slíku er hins vegar ógerningur að meta út frá horfum í atvinnulífi. Ekki er gert ráð fyrir, að heilsufar matsþola eigi eftir að versna, og samkvæmt upplýsingum hans hefur starfið orðið heldur léttara vegna tækniframfara nú í seinni tíð, a. m. k. hvað varðar líkamlegt erfiði.

Svo sem fram er komið, hefur matsþoli ekki sérstaka starfsmenntun og nánast eingöngu unnið við núverandi starf. Starfsreynsla matsþola er sérhæfð og því ólíklegt, að hún nýtist, ef hún þyrfti að skipta um starf. Matsþoli er 63 ára, sem líklega hefur veruleg áhrif á möguleika hennar til að fá annað starf, en auk þess munu afleiðingar slyssins gera henni nánast ókleift að fá annað starf við hæfi.

Samkvæmt upplýsingum, sem matsmenn hafa aflað sér, fengi matsþoli úr lífeyrissjóði rúm 50% af viðmiðunarlaunum, ef hún léti af störfum nú.

Samantekið telja matsmenn að fullu upplýst, að matsþoli hefur ekki orðið fyrir tekjutapi enn af völdum slyssins. Það er álit matsmanna, að um tekjutap muni ekki verða að ræða, ef hún heldur núverandi starfi.

Samkvæmt framangreindu er það mat matsmanna, að ekki sé um að ræða fjárhagslegt tjón vegna slyssins og að líkur til, að svo verði, það sem eftir lifir starfsævi, séu hverfandi. Fjárhagsleg örorka matsþola telst því engin.

Niðurstaða.

Við mat á læknisfræðilegri örorku er tekið tillit til margra þátta. Aðalvandi matsþola tengist hreyfiskerðingu, aflögun, dofa, kraftminnkun og verkjum í hægri úlnlið og hendi. Hreyfiskerðing, aflögun og verkir tengjast beinum afleiðingum áverkans á stoðkerfi úlnliðsins. Proti og aflögun virðast hafa haft áhrif á ulnaris-taug með dofa og kraftminnkun handan við áverkastað. Samanlagt er þessi skerðing umtalsverð. Tekið er tillit til annarra einkenna, þ. e. a. s. frá hné, auk minnisskerðingar, en þessi tvö atriði vega þó lítið miðað við skerðinguna í hægri handlegg.

Varanleg læknisfræðileg örorka matsþola er tvímælalaus og hefur að mati matsmanna verið vanmetin. Varanleg læknisfræðileg örorka hefur verið frá janúar 1991 og telst hæfilega metin 22% (tuttugu og tveir af hundraði).

Hvað varðar fjárhagslegar afleiðingar slyssins, hefur skammtímatjón verið bætt, og matsmenn finna ekki rök fyrir því, að um frekara fjárhagstjón hafi verið að ræða eða að líkur séu á, að svo muni verða fram til starfsloka vegna aldurs.“

Matsmenn komu báðir fyrir dóm og staðfestu matsgerðina, skýrðu jafnframt nánar einstök atriði.

Pá upplýsti stefnandi fyrir dómi, sbr. dskj. nr. 24, að hún fékk í febrúarmánuði 1995 greiddar 666.160 kr. í bætur vegna 22% örorku úr slysátryggingu samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags íslenskra símannanna.

III.

Líkt og áður var rakið, byggist stefnukrafa á örorkumati og örorkuútreikningi, og vísar stefnandi til dómvenju um ákvörðun bóta vegna líkamstjóns.

Stefndu hafa mótmælt framangreindum útreikningi og því sérstaklega, að læknisfræðileg örorka leiði til tekjulegrar örorku í þeim mæli, sem stefnandi haldi fram. Vísa þeir til matsgerðar hinna dómkvöddu matsmanna. Þá mótmæla stefndu því að reikna tekjur vegna heimilisstarfa, þar sem krafist sé bóta miðað við vinnu utan heimilis. Miskabótakröfu er og mótmælt sem of hárrí og ekki talið sannað tap lífeyrisréttinda. Stefndu krefjast frekari lækunar bóta en fram koma í kröfugerð stefnanda vegna skatta og eingreiðsluhagræðis. Loks mótmæla stefndu vöxtum, einkum upphafstíma dráttarvaxta.

IV.

Aðila greinir á um, hvort leggja skuli læknisfræðilega örorku stefnanda eða það, sem matsmenn kalla fjárhagslega örorku, til grundvallar við mat á tjóni stefnanda.

Ákvörðun bóta vegna líkamstjóns fer eftir þeim aðferðum, sem dómstólar beita á þessu sviði réttarins, og settum lagaákvæðum að því marki, sem þeirra nýtur við. Verður því höfð hliðsjón af hvoru tveggja framangreindu mati svo og öðrum gögnum, sem tiltæk eru, við ákvörðun bóta í máli þessu.

Sannað er með gögnum málsins, þ. á m. matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, að áverkar stefnanda munu hamla henni að nokkru við launuð störf og aðra iðju. Líta ber til þess, að stefnanda var unnt að halda áfram starfi sem talsímavörður þrátt fyrir meiðsl sín, og verður ekki séð, að þau hafi valdið skerðingu á tekjum hennar fram að þessu. Upplýst er, að börn

stefnanda eru flutt að heiman og að hún býr nú ein með eiginmanni sínum. Ber við ákvörðun bóta aðallega að líta til tekna stefnanda af vinnu utan heimilis.

Þá liggur fyrir samkvæmt kvittun fjármálaráðuneytis, að stefnanda hafa verið greiddar slysabætur, 661.160 kr. 23. febrúar 1995.

Með hliðsjón af gögnum þeim og öðru, sem að framan er rakið, og að teknu tilliti til þeirra slysabóta, sem fyrr var getið, hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsis hennar og annarra þeirra atvika, sem hér skipta máli, svo sem sjúkrasögu stefnanda, þykja bætur til stefnanda vegna varanlegrar örorku og tapaðra lífeyrisréttinda svo og miska hæfilega ákveðnar 550.000 kr.

Stefndu hafa mótmælt vaxtakröfu, og verða vextir dæmdir svo sem í dómsorði greinir.

Rétt er að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 135.000 kr., ásamt vöxtum, eins og krafist er, og er þá virðisaukaskattur af málflutningsþóknun ekki innifalinn.

Dóm þennan kvað upp Ólafur Ólafsson héraðsdómari.

Uppsaga dómsins hefur dregist nokkuð vegna anna dómara og fjarveru frá aðalstarfsstöð, en með hliðsjón af yfirlýsingum málflytjenda, dskj. 29 og 30, var endurflutningur talinn óþarfur.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Vátryggingafélag Íslands hf. og Valdimar Gunnar Kristjánsson, greiði stefnanda, Ester Kristjánsdóttur, 550.000 kr. ásamt einföldum ársvöxtum af sparisjóðsbókum frá 29. ágúst 1990 til 24. júní 1993, en með vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags, og leggist vextir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 29. ágúst 1991, og 135.000 kr. í málskostnað ásamt vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags og leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti frá upphafsdegi vaxtanna.
